

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ, vegna Breiðvangs 62A og 62B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 2. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ. Deiliskipulagsbreytingin tekur til parhússins Breiðvangs 62A og 62B sem stendur á sameiginlegri lóð. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits og hækkun nýtingarhlutfalls úr 0,2 í 0,32. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. september 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner, verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 6. október 2023